

Fyrir rökum þremur árum varð það að samkomulagi hjá Evrópuráðinu að árið 1975 skyldi helgað arkitektúrvernd. Megintilgangur þessa var tvöns konar. Í fyrsta lagi sá að hvetja þær þjóðir sem aðild eiga að ráðinu til að leggja aukna áherzlu á verndun þess menningararfs, sem fólgin er í byggingarlist viðkomandi lands. Í öðru lagi að vekja fólk til skilnings um það hvaða verðmæti hér er um að ræða, hvernig þessi byggingarlist stuðlar að fjölbreyttara umhverfi, og finna leiðir sem færar eru í lýðræðisþjóðfélagi til að vernda þessi verðmæti. Var sérstaklega bent á að æskilegt væri að endurnýja ákveðna bæjarhluta í hverju landi í tilefni ársins þannig að hægt væri að sýna hvernig unnt og æskilegt væri að varðveita og glæða gamla bæjarhluta nýju lífi. Bauð Evrópuráðið fram margs konar aðstoð til þess að þannig framkvæmdir mættu takast sem best. Ennfremur var áherzla lögð á fjölbreytta kynningu og fræðslu um þessi mál bæði í fjölmiðlum, skólum, á ráðstefnum, með bóka og blaðaútgáfu, farandsýningum ofl.

Flestöll lönd sem aðild eiga að Evrópuráðinu brugðust vel við þessari málaleitan. Noregur, Danmörk og Svíþjóð settu fljótlega á fótt nefndir sem skipulögðu þetta starf í viðkomandi landi auk samvinnu milli landanna og ákváðu að setja upp sameiginlega sýningu um norræna arkitektúrvernd í tilefni ársins.


Gestur Ólafsson:

Arkitektúrverndarárið 1975

● Undirbúningur arkitektúrverndarárs á Íslandi.

Hér á landi var lengi framanaf hljótt um undirbúning arkitektúrverndarársins enda var málningin á Bernhöftstorfundi varla þornuð og ekki að vita hvað næst myndi taka við af hálfu þeirra sem þar réðu ferðinni.

Arkitektafélag Íslands hafði sýnt þessum málum áhuga frá fornu fari og meðal annars samþykkt einróma að beita sér fyrir varðveizlu Bernhöftstorfunnar og haldið almenna hugmyndasamkeppni um það hvernig slík varðveizla mætti best takast löngu áður en nauðsynlegt þótti að stofna Torfusamtök. Vegna fjárskorts sá arkitektafélagið sér þó ekki fært að standa í stórræðum í tilefni ársins, en lagði töluverða vinnu í að undirbúa áætlun um hvernig mannsæmandi væri að bregðast við. Vopnuð þessari áætlun leitaði stjórn A.Í. eftir aðstoð til menntamálaráðuneytisins, sem fer með yfirumsjón þjóðmínja hér á landi, en kom þar að luktum dyrum. Var talið að sköttum þjóðarinnar hefði þegar verið ráðstafað til þarfari mála og auk þess hefði ráðuneytið ekki áhuga á að koma á fótt samstarfsnefnd á borð við þær nefndir sem önnur Norðurlönd hefðu komið á laggimar. Stjórn A.Í. taldi ekki rétt að gangast fyrir stofnun slíkrar nefndar í blóra við menntamálaráðuneytið og ákváð því að takmarka tilstand vegna arkitektúrverndarársins við þann skerf sem einstakir félagsmenn vildu inna af hendi.



● Um húsafriðunarsjóð

Samkvæmt þjóðmínjalögum frá 1969 má friða hús og húshluta á Íslandi sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi, svo og önnur mannvirki með sama skilorði. Í húsafriðunarnefnd, sem gerir tillögur til sveitarstjórna um friðun, sitja fimm menn samkvæmt ofangreindum lögum og er ekki tryggt að neinn hafi þá menntun til að bera sem arkitektum er gert að skyldu. Á síðasta löggjafarþingi Íslendinga var gerð breyting á þessum lögum. Stofnaður var húsafriðunarsjóður og var húsafriðunarnefnd falin stjórn hans. Framlög í þennan sjóð nema árlega 40 kr. á hvert mannsbarn á landinu eða nú um 9 millj. kr. á ári og breyttist það framlag í samræmi við byggingarvísitölu.

Þegar þessi mál voru í undirbún-

ingi benti Arkitektafélag Íslands hlutaðeigandi aðilum á að leikmönnum í byggingarlist væri nokkur vandi á höndum við að meta listrænt og menningarsögulegt gildi arkitektúrs ef vel ætti til að takast. Rétt væri að a.m.k. einn arkitekt ætti sæti í húsafriðunarnefnd þannig að tryggt væri að þessa sjónarmiðs gætti. Ekki þótti landsfeðrum þetta merkileg tillaga og varð það að ráði að engum arkitekt var tryggt seta í nefndinni. Þjóðmínjavörður er formaður nefndarinnar, en menntamálaráðherra skipar aðra nefndarmenn, þar af einn samkvæmt tilnefningu Bandalags isl. listamanna.

Nú þykir þeim sem þessar línur skrifar mál þetta vera komið í mikið óefni. Má fullvist telja að enginn listamaður sem stendur undir nafni fái til að taka skipun í slíka nefnd, ef nokkurt mið má taka af afstöðu listamanna til sýninga á Kjarvalsstöðum, en þar var meginröksemd listamanna sú að ekki væri á færi annarra en þeirra sjálfra að meta þeirra eigin list að verðleikum og væri því krafa um meirihluta í slíkum nefndum algert réttlætismál.

● Framlag Íslands til arkitektúrverndarárs 1975

Ekki fékk samt arkitektúrverndarárið að liða án þess að þess væri með einhverju minnzt.

Upp úr miðjum ágúst gaf að líta í dagblöðum Reykjavíkur þá fregn sem margir voru farnir að vona að þeir myndu ekki eiga eftir að lesa — semsé þá að í landi Skeggjastæða í Þjórsárdal væri verið að reisa söguvaldarbæ eftir nýlegum teikningum, Íslendingum til ævarandi frægðar. Við gerð þessa mannvirkis var sagt að notuð væri bæði nýmóðins vinnubrögð og gömul og ekkert til sparað. Hefðu bæði Íslendingar farið utan og Norðmenn komið hingað til þess að þessi framkvæmd gæti tekizt sem best. Eftir mikið japl og jaml og fuður var niðurstaðan sú að heppilegast væri að byggja þennan torfbæ að verulegu leyti

úr jámbentri steinsteypu, þótt nauðsynlegt væri talið að vinna innviði með fornum verkferum.

Nú er það einu sinni svo að margir hlutir eru betur ógerðir eins og bæði dr. Sigurður Þórarinnsson, Þorsteinn Ó. Stephensen og aðrir þeir sem hafa næma tilfinningu fyrir íslenskri menningu og mannvirkjagerð bentu á sambandi við hýsbyggingu Seðlabankans og hugsanlegan gosbrunn í Tjörninni í Reykjavík. — En hvar eru nú raddir þessara manna og annarra sem setja metnað sinn í að menningarlega sé staðið að mannvirkjagerð á Íslandi — eða hún látin vera? Ég legg það í dóm þessara manna hvort hér sé forsvaranlega staðið að málu — og hvað kemur næst? Þurfum við að búa til líkneski af Skarphéðni Njálssyni í fullri stærð til þess að gera hann trúverðugri eða steypa jaxlinn, sem hann henti í auga Gunnars Lambasonar, í plast? Nægir ekki sagan og ímyndunaraflið þar sem ekki er hægt að byggja á traustari heimildum?

● Húsvernd — arkitektúrvernd

Arkitektúrverndarárið 1975 (enska: „Architectural Heritage Year“, norska: „arkitektúrverndaráret“) er nú senn á enda. Ekki verður samt annað sagt en að við höfum lítið nálgast þau markmið sem Evrópuráðið setti í upphafi, þ.e. að vekja fólk til umhugsunar um þau verðmæti sem fólgin eru í gamalli byggingarlist í víðustu merkingu og finna raunhæfar leiðir bæði hvað viðvíkur skipulagi, stjórnun, eignarhaldi, lögum, fjármögnun osfrv. til þess að gera varðveizlu þessa menningararfs að veruleika. Þótt ekki verði gerð krafa til þess að allir kunni skil á þeim mismun sem er á „húsi“ og arkitektúr eins og fram kemur í heiti sýningar sem nú er haldin í Norræna húsinu í tilefni arkitektúrverndarársins og kallast húsvernd ætti þessi munur samt ekki að vera hulinn listamönnum enda er hann Framhald á bls. 18


„Hef áhyggjur af laxa-ræktunaráformum í Laxá í Laxárdal“

Fyrir skömmu dvaldist hér á landi Dwight Webster prófessor í fiskifræði við Cornell-háskóla í Bandaríkjunum, einn kunnasti sérfræðingur þar í landi í lax og silungsfræðum. Prófessor Webster var hér í fríi og jafnframt því að stunda veiðiskap kynnti hann sér ýmsar ár og þau verkefni, sem fiskifræðingar okkar eru að vinna að um þessar mundir. Prófessor Webster eyddi m.a. rúnum vikutíma við silungsveiðar í Laxá í Laxárdal í S-Þingeyjarsýslu og í samtali við þáttinn sagði hann, að Laxá væri einhver sérkennilegasta og stórbrotasta urriðaá, sem hann vissi um hvað magn og stærð fisksins snertir. Starfsbræður sínir, erlendir og íslenskir hefðu sagt sér að Laxá væri einhver merkasta veiðiá Íslands, en hann myndi hikaust bæta við öllum heiminum. „Þess vegna veður það mér nokkrum áhyggjum, að mikil áform skuli vera uppi um að rækta lax á þessu svæði. Ég vona að grundvöllur sé fyrir því að endurskoða þessar áætlanir. Laxá er svo mikið náttúrufyrirbæri, að þið verðið að gæta hennar sem hreinnar auðlindar. Ég skil vel, að bændur hafi áhuga að fá lax upp í Laxárdal, því að þróunin í veiðimálum um allan heim hefur verið slík, að laxveiðar skyggja á allar aðrar ferskvatnsveiðar og gefa af sér langmestar tekjur. En ég held




Eftir Ingva Hrafn Jónsson

— segir D. Webster, kunnur bandarískur fiskifræðiprófessor



Prófessor Dwight Webster.

einnig, að rannsóknir á Laxá í Laxárdal myndu leiða í ljós, að hrygningarskilyrði fyrir lax þar eru ákaflega léleg frá náttúrunnar hendi, því að árbotninn er nær eingöngu hraun, það vantar mölina fyrir laxinn. Ég held því að það geti verið hættulegt að sleppa þarna laxi upp án þess að gera nokkuð miklar rannsóknir til að komast að því hvort lax getur tekið sér bólfestu í ánni og einnig hvort hætta er á að laxinn hrekji urriðann á brott og hvort ekki er grundvöllur fyrir að greiða bændum á einhvern hátt mismuninn á þeim tekjum, sem þeir hafa af silungsveiði og þeim sem þeir gætu haft af laxveiði. Annað sem mér er sagt, er að laxinn gangi mjög seint í neðri hluta Laxár og að miðað við reynslu síðustu ára væri vart að búast við að laxveiði



Ljós. Rafn Hafnfjörð.

Frá Laxá í Laxárdal.

ofan virkjunar gæti hafizt fyrir en undir ágúst byrjun, þannig að mjög takmarkað væri hægt að nýta ána og þar með leigja hana til laxveiða á laxveiðitímabili ykkar. Þetta allt vona ég að tekið verði til athugunar, áður en þið eyðileggið eitt stórbrotasta urriðaveiðisvæði í heiminum.“

Hér er um athyglisvert sjónarmið að ræða hjá prófessor Webster, en ekki vill þátturinn taka undir mál hans, því að það er skoðun undirritaðs, að með því að opna laxinum leið upp fyrir virkjun mundi hann nema land í einhverjum fegursta árhluta á landinu, ekki síðri en neðan virkjunar, þar sem stórlaxar og stórrurriðar dafna hlið við hlið þótt það sé að vísu rétt að flestir hafi meiri áhuga á að renna fyrir 30 pundarann en

urriða. Nú hefur seiðum verið sleppt ofan virkjunar í nokkur ár í miklu magni og í haust mun væntanlega fara fram fyrsta náttúruklakið í þessum hluta árinna eftir að bændur fluttu 23 stórlaxa upp fyrir virkjun í sumar og einnig hefur þátturinn það eftir áreiðanlegum heimildum, að innan skamms verði byrjað á vinnuteikningum að laxastiganum upp fyrir virkjun. Hins vegar tókum við eindregið undir það, að sem mestar rannsóknir verði gerðar á Laxá ofan virkjunar og neðan því að það er enginn vafi á því að Laxá er ein af náttúruundrum jarðar. En rannsóknir eiga ekki eingöngu við um hana, við þurfum að láta rannsaka allar okkar ár til að við vitum allt um þær sem hægt er og getum umgengist þær í samræmi við þá þekkingu.

Tónskóli Sigursveins sækir um lóð í Breiðholti

SKÓLARÁÐ Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar hefur sótt um lóð í Breiðholtshverfi í því augnamiði að byggt verði yfir starfsemi skólans og hann geti starfað þar í eigin húsnæði í framtíðinni. Fjarlægð fjölmennra íbúðarhverfa frá miðborginni, þar sem skólinn hefur verið til húsa, hefur gert yngri nemendum skólans erfitt fyrir.

Þó að skólinn hafi ekki komið sér upp eigin húsnæði í Breiðholtinu er samt ætlunin að hefja tón-

Sveinn R.

Framhald af bls. 2.

greindu símtali var það eitt, sem ég hef sagt hér að framan, sagði Kristinn Finnbogason að lokum.

Í frétt í Vísi í gær var sagt frá þessari yfirlýsingu Kristins Finnbogasonar og þar segir:

„Hins vegar segir hann ekkert um hvers vegna hann, framkvæmdastjóri Tímans, var að hringja í blaðamann á Vísi að beiðni Sveins R. Eyjólfssonar.

Blaðamaðurinn, sem hér um ræðir hefur staðfest, að Kristinn fari rétt með í yfirlýsingu sinni. Og vill fá að bæta því við, að tilefni Kristins með umræddri upphringingu hafi fyrst og fremst verið það að bera til baka orð, sem höfðu ranglega verið eftir honum höfð um stöðuna í Vísismálinu. Orð sem voru nýja blaðinu allverulega í óhag og voru til þess fallin að draga úr áhuga blaðamannsins á að flytja sig af gamla blaðinu yfir til hins nýja.“

Þá spurði Mbl. Svein R. Eyjólfsson í gær um það, hvort stjórn Blaðaprents væri búin að taka afstöðu til prentunarinnar á nýja dagblaðinu. Kvað hann svo ekki vera, en kvaðst vonast til þess að stjórnin gerði það hið fyrsta.

(Vegna ummæla Sveins R. Eyjólfssonar um ósanngirni Mbl. í sinn garð skal tekið fram, að það hefði verið í hæsta máta óeðlilegt, að skýra Sveini Eyjólfssyni frá ummælum Kristins Finnbogasonar áður en þau birtust í blaðinu og verða slík vinnubrögð ekki tekin upp á Morgunblaðinu. Með því að óska eftir ofangreindri umsögn Sveins telur Morgunblaðið að honum hafi verið sýnd fyllsta sanngirni).

Stéttasamband

Framhald af bls. 2

Samkvæmt lögum frá 1947 hefur aðalfundur Stéttarsambandsins kosið fimm menn í Framleiðsluráð landbúnaðarins en auk þess hefur stjórn þess tilnefnt 3 menn af 6 til að ákveða verðlagsgrundvöll fyrir landbúnaðarafurðir. Stéttarsambandið er aðili að útgáfu tímaritsins Freys. Þá er Stéttarsambandið eignaraðili að Bændahólinni á móti Búnaðarfélagi Íslands.

Stéttarsambandið fær fé til starfsemi sinnar með þeim hætti að búvöruframleiðendur greiða gjald er nemur ¼% af verðmæti landbúnaðarafurða. Fyrsti framkvæmdastjóri Stéttarsambandsins var Gísli Kristjánsson, en frá 1947 hefur Sæmundur Friðriks-son gegnt því starfi. Þá starfar Árni Jónasson sem erindreki hjá sambandinu, en Stéttarsambandið er aðili að Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins, sem hefur það hlutverk að miðla upplýsingum um málefni landbúnaðarins og er starfsmaður hennar Agnar Guðnason. Fyrsti formaður Stéttarsambandsins var Sværri Gíslason bóndi í Hvammi, en núverandi formaður er Gunnar Guðbjartsson Hjarðarfelli.

Þingið að Laugarvatni, sem hefst í dag og lýkur síðdegis á morgun, sækja 46 fulltrúar, en auk þess hefur stjórn Stéttarsambandsins boðið öllum stofnfélögum, sem enn eru á lífi til fundarins, en þeir eru 26.

listarkennslu þar í haust, ef næg þátttaka fæst. Kennir verður í húsi KFUM við Mariubakka og verður megináherzla lögð á hópkennslu í blokkflautuleik með söng og ótnalestri fyrir 7—13 ára börn. Einnig getur skólinn annazt kennslu í píanóleik og á blásturs-hljóðfæri í einkatímum. Innritun nemenda í Breiðholtshverfi hefst í dag og fer fram í húsi KFUM við Mariubakka kl. 17—19. Einnig verður innritað á morgun á sama stað og tíma. Innritun annarra nemenda skólans verður að Hellusundi 7, 4.—5. september, en hún verður nánar auglýst síðar.

Sóluðum hjólbörðum ekki hættara en ósóluðum

FULLTRÚAR frá tveimur aðilum, sem sóla hjólbörð, höfðu samband við blaðið í gær vegna fréttar á baksíðu blaðsins, „Hjólbörðin sprakk“, þar sem segir: „Hjólbörðin var sólaður og var skemmd á honum innanverðum, sem hefur smámsaman nuddað gat á slönguna.“

Sögðu þeir að skilja mætti þetta svo, að skemmdin hefði að einhverju leyti staðið í sambandi við það, að hjólbörðin var sólaður. Slíkt væri fráleitt og gæti á engan hátt staðizt. Sóluðum hjólbörðum væri alls ekki hættara við skemmdum að innanverðu en ósóluðum. Annarra orsaka væri þar að leita.

Heimsenda

Framhald af bls. 16

breyta þeim í eitthvað áþreifanlegt — búin að taka upp andstöðu.

Þeir áhorfendur, sem brostu þegar lagðar voru út fyrstu brunaslöngurnar, sýndu hörmulega fálfræði í speki Maos formanns. Því auðvitað getur ein vatnsbuna ekki kælt glóandi hraunmassa að gagni, en hvað um sirenandi vatnsbunu í langan tíma?

Til að gera langt mál stutt: Þegar þessar fáu brunaslöngur voru orðnar að mörgum og vatnsbyssun-um beint í rétta átt, þá storknaði hraunbrúin sannarlega, og glóandi hraunmassinn að baki varð að vinna sér nýja leið, sem ekki varð fóliki að meini.

Svona smákvikmynd með 16 mm breidd stingur svoltíð á þessum upplásku 35 mm myndum, sem sjást í kvikmyndahúsum okkar. Það er samsagt hægt að fresta eyðingu jarðarinnar og bjarga um leið nokkrum sófaborðum.

Sá falski

Framhald af bls. 2

9,9666 grömm en fölsku peningarnir reyndust ver 8,9432, 8,9499, 8,9441 og 8,9513 grömm. Gullinnihald fölsku peninganna var það sama og í ósviknu peningunum, 900 en samsetning og áferð er önnur. Í ekta peningunum var blanda gulls og kopars en í þeim fölsku blanda kopars og silfurs. Úr þessu atriði var skorið með röntgenmyndum. Fjöldi skora á kanti ósvikins penings er 176, en 164 á þeim falska. Þvermál ekta peninganna reyndist vera 23,025—23,035 en þvermál þeirra fölsku 23,098. Loks var þykkt ekta penings mæld við miðju 1,448 á móti 1,359, 1,390 og 1,340 á þeim fölsku.

Heykögglar

Framhald af bls. 32

ingur þeirra heimill. Dönsku kögglaþingur verða metnir með sama hætti og þeir íslensku. Haukur sagði það vera skoðun ráðuneytisins, að ekki væri sýnt að um stórfelldan skort á heyi yrði að ræða, auk þess sem ekki hefðu borist pantanir í allt það magn grasköggla, sem framleitt verður hér á landi í sumar. Af þessum sökum legðist ráðuneytið gegn meiri innflutningi á graskögglum að svo stöddu. Lagði Haukur áherzlu á, að þeir innflytjendur, sem talað hefði verið við, hefðu sýnt skilning á þessari afstöðu ráðuneytisins.

Guðmundur

Framhald af bls. 32

tryggði sér fyrstu verðlaun í móti- um með jafntefli við Bretann Simon Webb. Hann varð efstur með 7½ vinning, þá kom Andras Adorjan frá Ungverjalandi og Jan Timman frá Hollandi með 7 vinninga, Gyula Sax frá Ungverjalandi með 6, John Nunn, Bretlandi, með 5½, Craig Pritchett, Skotlandi, Guðmundur og Webb með 4½, Horner með 4, Basman frá Englandi með 3½ og Fuller með 1.

Leitt að bendla

Framhald af bls. 32

lægja hvalinn, sem er á milli 20 og 30 tonn og það væri spurning hvort engar skyldur hvíldu á kirkjunni vegna þessa reka, — ef svo væri þá ætti kirkjan að fjarlægja hvalinn, en það átti að gera í gærkvöldi og grafa hann á góðum stað.

Hinn hvalurinn, sem rak á land í landi Valdasteinastaða, hefur verið nýttur verulega af bændum þar í grennd og er lítið eftir af honum nema grindin.

Sýning

Framhald af bls. 2

sýninguna að Kjarvalsstöðum, sögðust þau gera það sjálf, þótt sendiráðin hefðu verið innan handar við útvegum á sýningargripunum. Þá var spurt hvort hér væri e.t.v. verið að stofna til samkeppni við bókabúð Máls og menningar, sem að langmestu leyti hefur séð um útvegum les-efnis frá Austur-Evrópu hingað til.

Hjónin kváðu svo ekki vera, en sögðu tilganginn vera þann að auka fjölbreytni bókakosts frá þessum löndum hér. Sovétríkin væru mesta útgáfubjóð veraldar skv. opinberum skýrslum, þótt lítið fengist hér af lesendi frá því landi.

Bókatitlar á sýningunni eru á fjórða hundrað, en sýningin verður opin kl. 14—22 alla daga nema mánudaga til 14. september.

Albert

Framhald af bls. 2.

sem hugsanlega gæti unnið á móti hagsmunum Sjálfstæðisflokksins. Það kæmi ekki til mála, það segir sig sjálf, enda eru þeir báðir, Jónas og Sveinn, yfirlýstir sjálfstæðismenn. Eg færi heldur ekki að leggja það á mig fyrir Sjálfstæðisflokkinn, sem ég hefi gert, ef ég ætti svo að fara að vinna gegn flokknum með blaðsstofnun.“

Nýr Visir

Framhald af bls. 2

aði lögbannsins á nafnið „Nýr Visir“ að frjálsu dagblaði“ sagði í gær að forráðamenn Reykja- prents hefðu í góðri trú höfðað málið fyrir fúgetarétti á Sel- tjarnarnesi, en úr því að það hefði ekki reynzt rétt, myndu þeir höfða málið í Reykjavík þegar í dag.

Sveinn R. Eyjólfsson framkvæmdastjóri sagði í viðtali við Mbl. í gær að hann hefði í raun fát eitt að segja um þessa frá- vísun, en í raun væru forráðamenn hins nýja blaðs að hugsa um að hætta við að nota nafnið „Nýr Visir“ að frjálsu dagblaði“ en nota þess í stað nafnið „Dag- blaðið“. Kvaðst Sveinn ekki vilja hefja feril sinn með nýja blaðið og standa í erjum við fyrri samherja sína. Enn væri hann þó hluthafi í Reykja- prenti og augsýnilega færi heit- ið „Nýr Visir“ í taugarnar á núverandi forráðamönnum gamla Vísis.

Samkomulagið

Framhald af bls. 1

30 mílur austureftir Sinai. Hinar bandarísku eftirlitsveitir, sem um er að æfla, yrðu á tveimur til þremur stöðvum í hæðum vestan- vert á Sinaieyðimörkinni. Yrðu þær skipaðar hálaunuðum sjálf-

boðaliðum, að sögn bandarískra heimilda, og yrðu aðeins vopnað- ar skammbýssum í öryggisskygni.

Á blaðamannafundinum í Alexandríu í dag sagði Kissinger að viðræðurnar væru vissulega að komast á lokastig.

Á ráðstefnu óháðra ríka í Líma í dag samþykktu fulltrúar Araba- ríkjanna að krefjast þess ekki að tillaga um brottvikningu Ísraels úr Sameinuðu þjóðunum yrði sett inn í lokaályktun ráðstefnunnar, að því er góð heimild hermdi.

Líkur á deilum

Framhald af bls. 1

manna er að lækka söluskatt á næstum því öllum neyzluvörum um 5¼% þ.e. úr 15% í 9¼%. Stjórnin áætla að þetta muni auka kaupgetu danskra neytenda sem nemur þremur milljónum króna. Það er einkum atvinnuleysið sem stjórnin hefur í huga. Það hefur að undanförunni verið 10%, sem þýðir að rúmlega 100.000 verkamenn eru án at- vinnu. Jörgensen reiknar með því að aðgerðir stjórnarinnar muni lækka þessa tölu um helming. Í tillögum ríkisstjórnarinnar er einnig gert ráð fyrir afnámi þess skyldusparnaðar, sem fyrri stjórn undir forsæti Poul Hartlings kom á. Þá vill Jörgensen beinan stuðning við atvinnulíf og leggur til hækkun rekstrarábyrgðar fyrir það úr 15 í 35 milljónir d. kr., og ríkistryggt lán til fiskiðnaðarins sem nemur 50 milljónum d. kr. Aðrar atvinnugreinar fá einnig sérstaka styrki.

Ætlan stjórnarinnar er tíma- bundin. Ætlunin er að lækkan söluskattsins gildi aðeins í hálf t ár og aðrar aðgerðir eiga sömu- leiðis aðeins að vera í framkvæmd á meðan staða efnahagsins er óbreytt.

Í fyrri viku var ljóst að Venstre myndi koma fram með sínar eigin tillögur í þessum efnum og reyna að afla fylgis annarra borgara- legra flokka við þær. Flokkurinn átti í dag viðræður við tvo helztu flokkana, Framfaraflokk Glistrups og Kristilega þjóðarflokkinn. Að fundinum loknum var gefið í skyn að þessir tveir flokkar gætu í höfuðatriðum samþykkt ætlan Venstres. Ekki er vitað um einstök atriði hennar, en þó er vitað að þar sem stjórnin leggur áherzlu á bata í atvinnulíf, vilja borgaraflokkarnir sparnað. Samkvæmt fregnum útvarpsins vill Venstre að heildarlaunasam- ingarnir verði frystir í tvö ár til viðbótar. Fundir eru ráðgerðir milli Venstre og stjórnarinnar í kvöld og á morgun.

Átök á Korsíku

Framhald af bls. 15

ráðizt með ofbeldissveit á ríkis- valdið, ólöglega handtöku, mann- rán og mörðirlög við lögreglu- menn. Er tilkynningin um ákvörðun ríkisstjórnarinnar var birt urðu yngri liðsmenn ARC æfir, og um 300 manns gerðu aðsög að lögreglunni þrátt fyrir áskor- anir leiðtoga hreyfingarinnar um að menn gættu stillingar. Valery Giscard d'Estaing, Frakklandsfor- seti ræddi í morgun við Chirac forsætisráðherra og Poniatowski innanríkisráðherra um málið, en innanríkisráðherrann sagði að hafin yrði leit að byssumönnun- um og þeir dregnir fyrir dóm.

Nautakjöt

Framhald af bls. 32

verður selt hjá öllum kjötkaup- mönnum svo og þeim sem hafa sláturleyfi. Agnar kvaðst búast við því að mikil sala yrði á nauta- kjötinu og þá ekki sízt fyrir þá sök, að dilkakjöt er á þrotum og lítið til af því nema 3. flokkur. Sagði Agnar að mjög mikil sala

I. og II. verðfl.	kr. 392	556	262
III. verðfl.	kr. 340	477	229
IV. verðfl.	kr. 314	445	209
V. verðfl.	kr. 275	386	183
VI. verðfl.	kr. 249		
VII. og VIII. verðfl.	235		

Söluskattur er innifalinn í smásöluverðinu.

Selassie

Framhald af bls. 1

samræmi við hefðir koptísku rétt- trúnaðarkirkjunnar sem gera ráð fyrir því að hún eigi sér stað innan sólarhrings frá andlátinu. Talið er að með því að segja ekki frá jarðarför Selassies fyrirfram hafi herstjórnin viljað koma í veg fyrir óeirðir andstæðinga keisara- dæmisins, en um leið er líklegt að þögnin um greftrunina muni auka fylgi við kröfur erlendis um óháða rannsókn á láti Selassies. Áreiðanlegar heimildir í Addis Ababa herma hins vegar að ekkert grunsamlegt hafi verið við lát hans.

Arkitektúr

Framhald af bls. 14

sagður svipaður og á mál- aralist og svonefndri „óæðri myndlist“. Arkitektúrvernd sú sem nú hefur verið rætt um er- lendis er ekki einungis spurs- mál um að varðveita glugga- sprossa, útskorna fiska eða þakskraut á húsum yfirstéttar- fólks frá því um síðustu alda- mót. Hún er heldur ekki ein- ungis fólgin í varðveizlu ein- stakra húsa eða húshluta, held- ur er verið að fjalla um vernd og viðurkenningu á gildi gamallar byggingarlistar í Evrópu í víðustu merkingu. Í þessu sambandi skipt- ir það umhverfi eða „miljö“ sem viðkomandi mannvirki mynda í sameiningu meginmáli auk þeirra athafna sem eiga sér stað í þess- um mannvirkjum og tengsla þessara svæða við aðliggjandi bæjarhluta. Það er hægstur vandi að benda á skringileg hús sem missir væri að og ýmislegt sem miður hefur farið í mann- virkjagerð liðinna ára, en það er mun erfiðara að finna færar leiðir til þess að gera þá drauma sem menn kunna að bera í brjósti um arkitektúrvernd að veruleika.

Ofangreind sýning missir því að verulegum leyti marks, þótt margt gott megi segja um allt það starf sem þar hefur verið innt af hendi, því hvorki nafn hennar, áherzla né uppbygging gefur til kynna að höf- undar sýningarinnar hafi gert sér grein fyrir eðli þeirra vandamála sem þeir eru að fjalla um né hugsanlegum lausnum.

Við lok arkitektúr- verndarárs

Þótt okkur hafi misjafnlega tek- izt til við arkitektúrvernd og arki- tektúrverndarárið til þessa er ekki öll nótt úti enn. Ákveðið hefur verið að forráðamönnum Reykja- víkurborgar að halda ráðstefnu um þessi mál nú í haust og standa þá vonir til að fjallað verði um arkitektúrvernd — ef ekki af meira kappi þá a.m.k. af meiri forsjá en hingað til. Einnig stendur til að halda ráðstefnu og sýningu um arkitektúrvernd í Amsterdam dagana 22.—24. okt. sem öll þau lönd sem aðild eiga að Evrópuráð- inu og unnið hafa að því að vinna þessu máli skilning og brautar- gengi standa að.

Það er von flestra þeirra sem láta sér annat um varðveizlu gamallar byggingarlistar á Íslandi að það sem eftir er ársins verði notað til betri kynningar og mál- efnalegru umræðu um þessi mál en hingað til — þó ekki væri til annars en að koma mætti í veg fyrir byggingu fleiri steinsteyptra torfbæja — flutning fleiri gamla bygginga utanaf landi til Reykja- víkur — bygginga sem eru ómetanlegar fyrir menningarsögu viðkomandi staða — og svo mætti lengi telja.

Gestur Ólafsson.

hefði verið í dilkakjöti undan- farna daga.

Eins og að framan segir er lækkunin 45% á algengustu flokkum ungnautakjöts en smá- söluverðið á einstökum verðflokk- um verður eins og hér segir. Í fremsta dálki er verð pr. kíló, ef keypt er í heilum eða hálfum skrokkum, síðan kemur verð pr. kíló á afturpörtum og loks verð pr. kíló á frampörtum.